

Áætlun um samstarf starfsfólks skóla og foreldra

2014-2015



Foreldrasamskipti, samstarf og miðlun upplýsinga í Rimaskóla



Efnisyfirlit

Áætlun Rimaskóla um samstarf heimilis og skóla.....	3
Foreldrar	4
Skólaráð	5
Samstarfsáætlun fyrir skólaárið 2014 - 2015 í Rimaskóla	6
Annað sem skiptir máli í samskiptum foreldra og skóla.....	9

Áætlun Rimaskóla um samstarf heimilis og skóla

Áætlun um samstarf heimilis og skóla er endurskoðuð árlega.

Markmið samstarfsáætlunarinnar eru tvíþætt;

Annarsvegar samstarf um námið sem miðar að því að auka hlutdeild foreldra barna sinna með markvissum hætti og hinsvegar samstarf um félagsstarf þar sem lögð er á það áhersla að viðhalda og styrkja það starf sem áunnist hefur varðandi bekkjarfulltrúa, ýmsa viðburði og skemmtanir í skólafarfinu.

Sérstakur starfshópur úr röðum kennara og foreldra sér um gerð áætlunarinnar þar sem fram koma helstu áherslur í foreldrasamskiptum og upplýsingamiðlun skólans. Samstarfsáætlunin byggir á ýmiskonar mati á foreldrasamskiptum og upplýsingamiðlun milli skóla og heimila. Matið er m.a. unnið úr viðhorfskönnunum sem fræðsluyfirvöld leggja reglulega fyrir foreldra grunnskólabarna og úr viðhorfskönnunum sem skólinn stendur sjálfur fyrir í skólasamfélaginu. Leitast við er með þessum hætti að hlusta á raddir foreldra og kennara þegar kemur að mati foreldrasamstarfi.

Skólastjórnendur

Helgi Árnason

Marta Karlsdóttir

Hrafnhildur Inga Halldórsdóttir

Fulltrúar kennara af yngsta -, mið-, og unglíngastigi

Katrín María Guðmundsdóttir stigstjóri yngsta stigi

Eygló Hilmarsdóttir stigstjóri miðstigi

Jónína Ómarsdóttir stigstjóri unglíngastigi

Stjórn foreldrafélagsins á hverjum tíma

Salvör Þóra Davíðsdóttir formaður foreldrafélags Rimaskóla

Baldvin Berndsen varaformaður

Nína Jacqueline Becker gjaldkeri

Guðríður Birgisdóttir meðstjórnandi

Eyrún Ólafsdóttir meðstjórnandi

Samstarfshópurinn endurskoðar áætlunina einu sinni á hvorri önn og er kynnt á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti

Hefðir sem hafa skapast í samskiptum foreldra og skóla

- Skólaráðsfundir með fulltrúum úr röðum foreldra, nemenda og starfsfólks skóla
- Frammistöðumat nemenda
- Skólakynning að hausti
- Föstudagsfjör – vikuleg skemmtun á sal
- Forvarnir – Marita fræðsla
- Skólabúðir 7.bekkja
- Aðkoma foreldra að árshátíð unglíngadeildar
- Útskrift 10.bekkja
- Útskriftarferð 10.bekkja
- Öskudagsgleði
- Vorhátíð
- Veitingasala og aðkoma að skipulagi skákmóts
- Hönnun öflugrar heimasíðu

Foreldrar

“Styrkleiki þjóðar er undir gæðum heimilanna kominn”. Traust og vinsamlegt samstarf heimilis og skóla er undirstaða árangurs, ábyrgðar og samkenndar sem eftirsóknarlegt er að einkenni hvert skólasamfélag. Markviss kynni foreldra af daglegu starfi skólans auka líkur á vellíðan, metnaði og árangri nemenda. Samvinna, vinátta, umburðarlyndi og ábyrgð eru því grundvallarleiðarljós í daglegum samskiptum innan skólans og milli heimilis og skóla. Hafa skal í huga að „frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldri”¹

Rannsóknir hafa sýnt með svo ekki sé um villst að það eru hinir fullorðnu í lífi barnsins sem best geta tryggt velferð þess og þar með talinn námsárangur. Þar skipta höfuðmáli foreldrar og kennarar. Fræðimenn hafa einnig bent á það að til þess að samstarf foreldra og kennara skili tilætluðum árangri megi það ekki vera háð tilviljunum heldur þarf að vinna eftir markvissri samstarfsáætlun.² Samstarfsáætlunina þarf að byggja upp á faglegan hátt, hún þarf að hafa ákeðinn tímaramma og markmiðin þurfa að vera skýr, hlutverkin ljós ásamt björgum. Niðurstöður rannsókna sýna að auk hefðbundinna þekkingar- og færniþátta sem unnið er með í skólum er mikilvægt að ákveðið jafnvægi ríki milli þeirra og ýmissa persónulegra og félagslegra þátta í lífi og umhverfi nemandans. Til þess að nemendur nái sem mestum árangri í námi þarf því ekki síst að stuðla að alhliða vellíðan þeirra, draga úr kvíða, stuðla að sjálfstjórn, þrautseygju, seiglu og ástundun, efla sköpunargleði og framkvæmdavilja og siðferðileg gildi. Nauðsynlegt er að rækta með nemendum félagsþroska, færni til að vinna með öðrum og þátttöku í lýðræðislegum ákvörðunum.³

Rannsóknir sýna ennfremur að þessum árangri verði ekki náð nema með markvissri aðkomu foreldra að námi og starfi barna þeirra í skólanum. Þess vegna er það talið eitt mikilvægasta viðfangsefni grunnskólans á okkar dögum að þróa aðferðir til að virkja foreldra til samstarfs um skólastarfið⁴. Árangur þarf að meta reglulega til þess að hægt sé að bregðast við niðurstöðum með úrbótaáætlun. Aukin krafa um skólakerfi þar sem öll börn skipta máli og að öll börn eiga að fá þann besta stuðning og aðstöðu sem völ er á til að ná árangri og líða vel⁵ kallar á aukið samstarf milli foreldra og skóla. Þess vegna lítum við svo á í Rimaskóla að;

Mikilvægt sé að foreldrar geti fylgst með starfi barna sinna í skólanum: námsárangri, framförum, félags- og samskiptafærni. Reglulegar og góðar upplýsingar um starf skólans og áætlanir eru því þýðingarmiklar.

Til þess að móta og viðhalda góðum og árangursríkum samskiptum heimila og skóla, í þágu allra nemenda, mun skólinn kappkosta:

- að efla svo sem kostur er upplýsingastreymi þar sem markmið og leiðir í skólastarfinu eru tíunduð;
- að skipuleggja í samráði við bekkjarfulltrúa foreldra, skólaráð og stjórn foreldrafélags aðkomu foreldra að mótun skólanámskrár þ.m.t. skóladagatali hverju sinni;

¹ Aðalnámskrá grunnskóla

² Desforges og Abouchaat, 2003, bls. 55.

³ National center on education and economy, 2007, bls. 8

⁴ Desforges og Abouchaat, 2003

⁵ McKinsey & Company, 2007, bls. 34-38

- að vinna í samráði við foreldra að auknum og markvissum heimsóknum þeirra í skólann til að kynnast og styrkja náms- og félagslegt starf skólans;

- að virkja á jákvæðan og framsækinn hátt samstarf heimila og skóla með farsæld nemenda að leiðarljósi.

Skólaráð

Samkvæmt 8. gr. Laga nr. 91/2008 um grunnskóla

Við Rimaskóla starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans.

Skólaráðið fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess.

Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Í núverandi skólaráði 2014 -2015 sitja:

Helgi Árnason skólastjóri,

Bjarney Bjarnadóttir

Haraldur Hrafnsson

Sigurbjörg Jakobsdóttir varamaður Bjarneyjar

Stefanía Guðmundsdóttir varamaður Haraldar.

Ester Árnadóttir stuðningsfulltrúi,

Baldvin Örn Berndsen foreldri,

Stella Norðfjörð foreldri,

Ísak Ólafsson nemandi 10.SG

Tinna Björk Rögnvaldsdóttir 9.GB

Fulltrúi grenndarsamfélagsins

Samstarfsáætlun fyrir skólaárið 2014 – 2015 í Rimaskóla

Tími	Verkefni	Markhópur	Markmið
ágúst	<p>Skólasetning á sal. Skólastjórnendur setja skólann og bjóða nýja nemendur og foreldra sérstaklega velkomna</p> <p>Foreldradagar nemenda í fyrsta bekk boðaðir til viðtals fyrir skólabyrjun</p>	<p>Nemendur og foreldrar</p> <p>Foreldrar og kennarar</p>	<p>Taka vel á móti nemendum og foreldrum í upphafi nýs skólaárs</p> <p>Taka vel á móti nýjum foreldrum og stuðla að góðum samskiptum og samvinnu milli heimilis og skóla</p>
sept.	<p>Foreldraviðtöl, móttaka nemenda í 1.bekk</p> <p>Skólakynning á sal</p> <p>Kynning á nýbreytni í skólastarfi í 5.bekk</p> <p>Skólaráðsfundur</p>	<p>Foreldrar og kennarar í 1.bekk</p> <p>Foreldrar.</p> <p>Foreldrar</p> <p>Foreldrar í skólaráði ásamt fulltrúum skóla í ráðinu</p>	<p>Upplýsingar um stefnu og sýn skólans ásamt því að auka hlutdeild foreldra í skólastarfinu</p> <p>Upplýsingagjöf um skólastarfið. Ávinna skólanum traust og auka persónuleg tengsl starfsmanna við fjölskyldur nemenda. Áhersla á að kynna starfsemi skólans s.s stoðkerfið, skólareglur, nám markmiðssetningu og námsáætlanir. Kynna foreldrasamstarfið, efla þátttöku bekkjarfulltrúa í félagsstarfi nemenda og ákvarðanatöku um foreldrasamstarf. Kynna stefnu og sýn skólans og auka hlutdeild foreldra í skólastarfinu.</p> <p>Foreldrum nemenda í 5.bekk kynnt nýbreytni í skólastarfi í 5.bekk. Kynnt verður þema- og lotukennsla.</p> <p>Miðlun upplýsinga kosning í ráð og nefndir ásamt ákvörðunum um framkvæmd skólastarfs</p>
okt.	Föstudagsfjör	Foreldrar og nemendur í 1.-7.bekk	Skólabragur. Efla félagstengsl. Nemendur flytja verk sín á sviði og bjóða foreldrum og samnemendum til viðburðarins.

	<p>Skólaráðsfundur</p> <p>Íslandsmót skákfélaga í 1.-4.deild</p> <p>Foreldradagur</p>	<p>Fulltrúar skóla,foreldra og nemenda í ráðinu</p> <p>Nemendur í 10.bekk, foreldrar og skólustjóri</p> <p>Nemandinn, kennarar og foreldrar</p>	<p>Miðlun upplýsinga kosning í ráð og nefndir ásamt ákvörðunum um framkvæmd skóla.</p> <p>Skólabragur, fjáröflunarstarf fyrir útskriftarferð, felst í veitingasölu og uppröðun. Samvinna sem eflir félagstengsl milli nemenda og tengsl milli foreldra</p> <p>Auka skilning foreldra á skólastarfi. Efla tengsl foreldra og skóla, upplýsingamiðlun.</p>
nóv.	Föstudagsfjör	Foreldrar og nemendur í 1.-7.bekk	Skólabragur. Efla félagstengsl. Nemendur flytja verk sín á sviði og bjóða foreldrum og samnemendum
des.	<p>Föstudagsfjör</p> <p>Skólaráðsfundur</p> <p>Aðventukvöld</p> <p>Jólaleikrit</p>	<p>Foreldrar og nemendur í 1.-7.bekk</p> <p>Fulltrúar skóla,foreldra og nemenda í ráðinu</p> <p>Foreldrar, nemendur og starfsfólk skóla</p> <p>Nemendur,starfsfólk skóla og foreldrar</p>	<p>Skólabragur. Efla félagstengsl. Nemendur flytja verk sín á sviði og bjóða foreldrum og samnemendum til viðburðarins</p> <p>Miðlun upplýsinga kosning í ráð og nefndir ásamt ákvörðunum um framkvæmd skóla</p> <p>Samvera og skólabragur</p> <p>Skólabragur, nemendur í 6.bekk setja upp leiksýningu</p>
jan.	Föstudagsfjör	Foreldrar og nemendur í 1.-7.bekk	Skólabragur. Efla félagstengsl. Nemendur flytja verk sín á sviði og bjóða foreldrum og samnemendum til viðburðarins
feb.	Föstudagsfjör	Foreldrar og nemendur í 1.-7.bekk	Skólabragur. Efla félagstengsl. Nemendur flytja verk sín á sviði og bjóða foreldrum og samnemendum

	Skólaráðsfundur	Fulltrúar skóla,foreldra og nemenda í ráðinu	Miðlun upplýsinga kosning í ráð og nefndir ásamt ákvörðunum um framkvæmd skóla.
	Öskudagsfjör	Foreldrar og nemendur	Efla félagsleg tengs milli nemenda og fjölskyldna þeirra
mars.	Foreldradagur	Nemandinn, kennarar og foreldrar	Auka skilning foreldra á skólastarfi. Efla tengsl foreldra og skóla, upplýsingamiðlun.
	Föstudagsfjör	Foreldrar og nemendur í 1.-7.bekk	Skólabragur. Efla félagstengsl. Nemendur flytja verk sín á sviði og bjóða foreldrum og samnemendum til viðburðarins
	Íslandsmót barnaskólasveita í skák	Nemendur í 7.bekk,foreldrar og skólastjóri	Skólabragur, fjáröflunarstarf fyrir Reykjaferð. Samvinna sem eflir félagstengsl milli nemenda og tengsl milli foreldra
	Árshátíð unglिंगadeildar	Nemendur,kennarar og fulltrúar úr röðum foreldra	Skólabragur, samvinna milli foreldra og nemenda við skipulag og framkvæmd árshátíðar
apríl	Skólaráðsfundur	Fulltrúar skóla,foreldra og nemenda í ráðinu	Miðlun upplýsinga kosning í ráð og nefndir ásamt ákvörðunum um framkvæmd skóla. Umsögn um skóladagatal 2015-2016
	Föstudagsfjör	Foreldrar og nemendur í 1.-7.bekk	Skólabragur. Efla félagstengsl. Nemendur flytja verk sín á sviði og bjóða foreldrum og samnemendum
maí	Reykjaferð,skólabúðir 7.bekkja	Nemendur, kennarar og fulltrúar úr röðum foreldra	Skólabragur, fjáröflunarstarf og samvera á Reykjum. Samvinna sem eflir félagsleg tengsl milli nemenda og tengsl milli foreldra
	Vorskóli	Tilvonandi nemendur og foreldrar í 1.bekk	Upplýsingagjöf um skólastarfið og kynning á kennurum og starfsfólki skóla

	Leikrit í Grenndarskógi Rimaskóla, í brekku innst í Grafarvogi	Nemendur í 7.bekk, kennarar og foreldrar	Skólabragur, nemendur í 7.bekk setja upp leiksýningu í Grenndarskógi Rimaskóla og bjóða foreldrum og aðstandendum á viðburðinn
júní	Útskrift 10.bekkja	Nemendur, fjölskyldur nemenda og kennarar	Skólabragur. Fjáröflunarstarf og samvera, efla félagstengsl milli nemenda og samvinna foreldra og nemenda
	Vorhátíð foreldrafélagsins	Fulltrúar í foreldrafélagi Rimaskóla	Skólabragur. Efla félagstengsl. Nemendur flytja verk sín á sviði og bjóða foreldrum og samnemendum
	Útskriftarferð 10.bekkja	Nemendur, foreldrar og kennarar	Skólabragur, fjáröflunarstarf og samvera. Samvinna sem eflir félagstengsl milli nemenda og tengsl milli foreldra

Annað sem skiptir máli í samskiptum foreldra og skóla

Tími	Verkefni	Markhópur	Markmið
Vikulega	Föstudagspóstur. umsjónakennarar senda vikulegan póst heim í gegnum Mentor	Allir foreldrar og forráðamenn nemenda	Upplýsingagjöf sem miðar að því að veita foreldrum og forráðamönnum upplýsingar um helstu viðburði og verkefni í skólastarfinu
Mánaðarlega	Ástundun. Foreldrum og forráðamönnum send ástundun nemenda mánaðarlega í gegnum samskiptavefinn Mentor	Allir foreldrar og forráðamenn nemenda	Upplýsingagjöf sem stuðlar að trausti og trúverðugleika